

GRUNDVALLARATRIÐI ÆSKULÝÐSSTEFNU



Uppfærð 2019

Youth Partnership

Partnership between the European Commission
and the Council of Europe in the field of youth



EUROPEAN UNION

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE

*Höfundar eru ábyrgir fyrir skoðunum
í þessu verki, sem er skrifað í umboði
samstarfsverkefnis Evrópusambandsins
og Evrópuráðs á ungmennasviði, og
endurspeglar þær ekki nauðsynlega
opinbera stefnu hlutaðeigandi stofnana,
aðildarríkja þeirra eða annarra
samtaka í samvinnu með þeim.*

Beiðnir um leyfi til að nýta sér
eða þýða skjalið að hluta til eða í
heild skal senda til Directorate of
Communication (F-67075 Strassborg
Cedex eða publishing@coe.int). Öll önnur
boðskipti varðandi skjalið skal senda
til Evrópusambandsins og Evrópuráðs
með tilvísun í samstarfsverkefni
þeirra á ungmennasviði.

Útlit og hönnun: Documents
and Publications Production
Department (SPDP), Evrópuráðið

Ljósmynd: © Samstarfsverkefni
framkvæmdastjórnar ESB og
Evrópuráðsins á ungmennasviði
og Nigel Smith

Texti: Zara Lavchyan, Howard Williamson
Teikningar: Sven Retore
Samhæfing: Lali Bouché

Ritstjórnardeild SPDP hefur ekki
lesið yfir þennan texta til að leiðrétta
prentvillur og málfræðivillur. .

© Evrópuráðið og framkvæmdastjórn ESB,
október 2017
Endurskoðað 2019



Inngangur

Hvernig geta stefnur auðveldað ungu fólki að verða virkir borgarar? Hvernig geta þær hjálpað ungmennum, gefið þeim hlutdeild í samfélaginu og aðstoðað þau við að ná ásetningi sínum og nýta hæfileika sína? Þessu yfirliti yfir helstu hugtök, meginreglur og áskoranir í mótun æskulýðsstefnu er ætlað að aðstoða við að svara þessum spurningum.

Aðvörunarorð: æskulýðsstefna er margslungin. Við hvetjum lesandann til að hugleiða eigin aðstæður, sem gætu verið margbrotnar og jafnvel enn flóknari!

Margt fleira en hér er tekið með hefur verið skráð, rökrætt og deilt um varðandi æskulýðsstefnu, svo ef leið þín liggur hér um vonumst við til að þetta sé ekki endastöðin! Við hvetjum þig til að halda áfram að nota tilvísanirnar í þessum „grundvallaratriðum“ og vefsetur samstarfsverkefnis framkvæmdastjórnar ESB og Evrópuráðsins á ungmennasviði.



”Æskulýðsstefna er áætlun sem opinber yfirvöld setja í framkvæmd í þeim tilgangi að veita ungmennum tækifæri og reynslu sem leiðir til árangursríkrar aðlögunar þeirra í samfélaginu og gerir þeim kleift að verða virkir og ábyrgir meðlimir þjóðfélagsins og einnig umboðsmenn breytinga. (Evrópuráðið CM/Rec(2015)3)


► **Blažsiča 4**

■ „Æskulýðsstefnu“ má skilja sem svo að hún nái yfir öll svið ungmennastefnu, þ.e. félagslega vernd, heilbrigðismál, húsnæðismál, atvinnu/athafnasemi, skipulega menntun og þar fram eftir götunum, og að auki önnur þverlæg málefni eins og félagslega aðild, félagslíf ungmenna, kynjajafnrétti o.s.frv.

■ Æskulýðsstefnu má einnig skilja sem svo að hún eigi sérlega við um ungt fólk, t.d. með verkefnum fyrir frístundastarfsemi, hreyfanleika, sjálfbóðaliðsstarf, unglingastarf, upplýsingar fyrir ungt fólk, og vettvöngum fyrir félagsstarf og hlutdeild í ákvarðanatöku. Í því tilviki má vænta samhæfingar á æskulýðsstefnu og öðrum stefnusviðum viðkomandi ungmennum.

■ Þetta er jákvæð birting æskulýðsstefnu. En hún snýst einnig um reglugerð, strangt eftirlit, valdbeitingu, aga reglur og stundum refsingu. Nauðungarathæfi í skiptum fyrir greiðslu þegar ungmenni er atvinnulaust eða ráðstafanir í meðferð á ungmennum í gæsluvarðhaldi eru dæmi um neikvæða æskulýðsstefnu.

■ Æskulýðsstefna getur einnig innihaldið aðgerðir eða áætlanir fyrir allt ungt fólk um leið og hún inniheldur aðgerðir fyrir skilgreinda hópa ungs fólks svo sem þá sem eiga við fjárhagsörðugleika að stríða eða búa í afskekktum héruðum.





Grunnhugtök

Fyrsta orðið í „æskulýðsstefna“ er æskulýður, og skilningur á því hvað átt er við með „æskulýður“ eða ungmennti í mismunandi samhengi getur einnig mótað innihald æskulýðsstefnu.


■ Það er ekkert almennt samkomulag um það hvað átt er við með „ungmennti“. Ungmennti er félagslegur tilbúningur og skírskotar til tímabils flókinna stöðubreytingar í sjálfstæði, frá bernsku til fullorðinsára. Skilgreining á ungmenntum er breytileg milli landa. Aldurshópurinn 15-29 ára verður oft fyrir valinu hjá ESB af tölfræðilegum ástæðum. Hjá Erasmus+ áætluninni bjóðast margskonar tækifæri ungmenntum á aldrinum 13 til 30 ára. Starfsemi ungmenntasviðs Evrópuráðs stendur ungu fólki á aldrinum 18 til 30 ára til boða, með rökgreindum undantekningum.

Seinni helmingur orðsins „æskulýðsstefna“ er stefna, sem er ferli sem gerir mögulegt að ráðstafa almannafé til þess að ná fram pólitískum markmiðum. Þegar talað er um æskulýðsstefnu er nauðsynlegt að hugleiða hvað átt er við með hugtakinu: ferlið við að setja saman æskulýðsstefnu, áherslurnar eða viðkomandi valds- við, eða hvernig á að útfæra hana, hvernig ætlað er að skila henni í framkvæmdum til ungmenna (Williamson 2017).



Hvaða skilgreining á „ungmennni“ er notuð í þínu landi?
Eru allir á einu máli um þessa skilgreiningu?

Hvernig skynjar fólk helst „ungmennni“ í landinu?
Hvaða fimm orð eru notuð til þess að lýsa ungmennum?





Aðferðir

Æ skulýðsstefna endurspeglar skoðanir ríkisstjórnar eða annarra í ákvarðanatöku á ungu fólki. Mikilvægt er að íhuga gildisramma æskulýðsstefnu þar sem hann getur haft afleiðingar á öllum stigum, frá fyrstu skrefum verkefnaþróunar til framkvæmda eða verkefna sem ná til ungmenna og markmiðanna sem þau miða að. Í sumum tilvikum geta þessi gildi og meginreglur verið að leiðarljósi í æskulýðsstefnu, en í öðrum tilfellum gætu þau verið víðs fjarri. Í lýðræðissamfélagi gætu meginreglur æskulýðsstefnu falið í sér félagslegar framfarir, samstöðu, samfélagslegt réttlæti, virkan þegnskap, félagslega og fjárhagslega aðlögun.

■ Nálgun og aðferðir við stefnumótun ná yfir allt frá reglugerð til lögræðis, frá forvarnarstarfi til inngripa, frá fyrirbyggingu til viðbragða, frá vandamálas-tilltum til tækifæramiðaðra, frá landsföðurlegum til opinna. Með því að velja eina aðferð eða aðra má búast við mjög mismunandi útkomum og er því nauðsynlegt að hugleiða grannt forsendur og afleiðingar þeirra. Sem dæmi má nefna muninn á því að fjármagna verkefni sem fylgja staðlaðri uppskrift og fjármögnun skapandi verkefna undir forystu ungmenna.

■ Æskulýðsstefnur geta verið samþættar eða samhengislausar, samhæðar eða einangraðar, sérsniðnar við markhóp eða alla alþýðu, samstíga eða stangast á við aðrar stefnur. Í sumum löndum er æskulýðsstefna hluti af þróunaráætlun ríkisins, annarsstaðar er markmið hennar á forsendum þess að bregðast við nýjum vandamálum. Hún gæti verið á grundvelli kenningaramma um þróun á ungmennasviði eða horft fram hjá honum, verið í samræmi við almenn evrópsk markmið eða þvert á móti, verið settar skorður eða aukin vegna efnahagslegra sveiflna, verið gegn heilt þekkingarbyggð eða á forsendum reynslusönnunar. Lönd um alla Evrópu með svipað hugmyndafræðilegt stjórnarfar eiga vanda til að nota svipaðar aðferðir í þróun og framkvæmd æskulýðsstefnu, a.m.k. hvað varðar það umfang sviða og forgangsatriði sem verða fyrir valinu.


■ Evrópuráðið stuðlar að stefnum í æskulýðsmálum sem byggja á mannréttindum og lýðræðislegum stöðlum, með áherslu á tækifæri, virka þátttöku ungmenna í upphugsun og útfærslu, sem skapa aðstæður til náms, tækifæra og reynslu, og eru byggðar á grundvelli öflugrar gagnasöfnunar. Með ungmennaáætlun sinni styður Evrópusambandið stefnur sem skapa fleiri tækifæri fyrir ungt fólk sem og bæta aðild þeirra og fulla þátttöku í samfélaginu. Slíkir stefnurammar virða einnig hlutverk unglingastarfs og óformlegs náms, leggja áherslu á nálgun sem hvetur til samvinnu milli sviða, og undirstrika nauðsyn á röksemdum og samræðum við ungt fólk.



Hvert er álit stefnumarkenda á ungmennum í þínu samhengi? Eru þau álitin auðlind, litið á þau sem „framtidina“, sem vandamál sem þarf að leysa eða stjórna?

Hvert er gildi æskulýðsstefnu í þínu samhengi? Hver eru markmiðin og lykilsvæði æskulýðsstefnu í þínu landi?

Eru markmið æskulýðsstefnu svar við þeim áskorunum sem ungmennti þurfa að fást við?





Hagsmunaaðilar í æskulýðsstefnu og lagagrundvöllur

Ýmsar tegundir yfirvalda gætu starfað við málefni viðkomandi æskulýðsstefnu, þvert á svið og geira og í mismunandi hlutverkum. Í sumum löndum heyrir æskulýðsstefna undir valdsvið landsstjórnarinnar. Í öðrum heyrir hún undir valdsvið svæðisyfirvalda, með skipulagi landsstjórnar á breiðari markmiðum og heildarsýn yfir samræmingu. Staðaryfirvöld skila æskulýðsstefnu á sínu stigi. Það kerfi sem ber ábyrgð á æskulýðsstefnu á landsstigi gæti tekið með ráðuneyti með ábyrgð á málum ungmenna (einvörðungu eða ásamt öðrum sviðum, svo sem menningu, menntun, íþróttum, fjölskyldu og börnum, félagsmálum, fjölmiðlum, réttvísi, lýðheilsu eða samfélögum), ríkisstofnun, ráðherra á ungmenntasviði, ungmenntadeild eða æskulýðsstefnudeild. Yfirvöld á staðar- eða svæðisvísu gætu verið með skrifstofur og embætti fyrir æskulýðsmál, talsmenn, æskulýðsnefndir, og þá einnig með skilgreindu valdsviði eða í samvinnu við aðra geira.

Opinber yfirvöld eru krítískir mótendur æskulýðsstefnu, en margir aðrir hagsmunaaðilar gætu komið við sögu í fræðslu, mótun og innleiðslu á æskulýðsstefnu: ungmenntaráð, félagssamtök ungmenna, áhugahópar, unglingaflokkar, unglingaráðgjafar, rannsakendur á ungmenntasviði, ungt fólk, skólar, kennarar, vinnuveitendur, heilbrigðisstarfsfólk, félagsráðgjafar, trúarhópar, fjölmiðlar og fleiri.




— Lagarammar segja til um það hverjir ættu að koma við sögu í æskulýðsstefnuferlum. Í sumum tilvikum gætu æskulýðsstefnur verið skilgreindar með einum löggerningi. Í öðrum tilvikum gætu þættir æskulýðsstefnu verið hluti af skjölum sem ná til fleiri geira, sem tengjast innan eins lagaramma (lagamála, sáttmála, ályktana, áætlana, aðgerðaáætlana, ríkishugtak, o.s.frv.). Í seinna tilvikinu er oft vitnað í ungmennasamþættingu. Hins vegar ef þessi skjöl og tengd framtök snúast ekki markvisst og skýrt um ungmenni, er erfitt að tala um samhæfða æskulýðsstefnu þó svo að slík stefnumál hafi á sinn hátt áhrif á ungt fólk.



Hvaða lagarammi gildir um æskulýðsstefnu í landinu þínu?

Hvaða kerfi fyrir æskulýðsstefnu eru til staðar í landinu þínu?





Þátttaka ungmenna

Almennt séð er það mikilvægt þeim sem eru í markhópi stefnu að vera með í ákvörðunum í öllum málum þeim viðkomandi. Ungt fólk ætti að njóta þess réttar, aðferða, stuðnings, tækifæra og vettvangs til þátttöku vegna hlutdeildar sinnar í æskulýðsstefnu: að ráðleggja eða taka þátt í ákvörðunum um þróun hennar, leggja sitt að mörkum í framkvæmdum, eftirfylgni og mati á áhrifum stefna, í stað þess að vera eingöngu þeir sem njóta þjónustunnar. Með þátttöku ungmenna eru þau þar með orðin eigendur þeirra ákvarðana sem eru teknar og sú þjónusta sem boðin er betri svörun við metnaðarmálum þeirra eða réttindum. Möguleikarnir á því að slíkar stefnur beri árangur eru þar með auknar!

— Hins vegar tekur ekki allt ungt fólk þátt á sama hátt. Til þess að tryggja að mótun æskulýðsstefnu sé miðuð að eins fjölbreyttum hópi og mögulegt er þurfa opinber yfirvöld að próa sérhannað, margbreytilegt og notendavænt fyrirkomulag til þátttöku, til dæmis með samræðum við ungmennaráð og ungmennasambönd, samráðsfundum með ungmennum og margvíslegum hagsmunaaðilum, stafrænni þátttöku o.s.frv. Tvö dæmi til viðbótar:

- ▶ samstjórnarkerfi innan ungmennageira Evrópuráðsins, þar sem fulltrúar þjóðstjórna og ungmennasambanda taka saman ákvarðanir um starfsáætlun Evrópuráðsins á ungmennasviði,
- ▶ skipulagðar samræður við ungmenni innan Evrópusambandsins, þar sem skoðunum ungs fólks er safnað og þær ræddar og íhugaðar við gerð æskulýðsstefna á lands- og ESB-stigi.

■ Spurningin um (valda)jafnvægi milli opinberra yfirvalda og borgaralegs samfélags, sérstaklega ungmennasamtaka og sjálfra ungmennanna, er mikilvæg. Til dæmis gætu stjórnvöld deilt valdi sem hluthafar í borgaralegu samfélagi, eða þau gætu stjórnað gerðum ungmennasamtaka eða ekki hlutast til um eða veitt nokkra aðstoðað við verkefni þeirra (uppfært með breytingum úr Lauritzen 2008).



Hver sér um að allir viðkomandi hagsmunaaðilar hafi ákvörðunarrétt og áhrif á þróun og framkvæmd á stefnu?

Taka félagssamtök ungmenna þátt í mótun æskulýðsstefnu? Með hvaða móti?

Taka ungmenni þátt í þróun, framkvæmd og mati á æskulýðsstefnu? Allt ungt fólk? Hvernig?

Er til æskulýðsráð í landinu eða önnur stofnunarskipan sem kemur fram fyrir hönd ungmennasamtaka?



Framkvæmd á æskulýðsstefnu

Hvert land hefur sitt fyrirkomulag við framkvæmdir á æskulýðsstefnu. Yfirleitt er það hlutverk ríkisvaldsins að skipuleggja stefnurammann, með því að skapa (til dæmis með lagasetningu og fjárlögum) þær aðstæður sem þarf til aðgerða á svæðis- eða staðarstigi, og að lokum yfirleitt með eftirfylgni og mati á framkvæmdum stefnumarkmiða. Við þróun æskulýðsstefnumarkmiða hafa yfirvöld í huga niðurstöður á fyrri stefnuferlum og útkomum og einnig viðeigandi rannsóknagögn. Ríkisstjórn gæti ákvarðað helstu markmið og stundum þarfnast þess að svæðis- eða staðaryfirvöld þrói önnur skilgreind markmið. Næsta þrep snýst um ráðstafanir um ferli og tilföng og gæti það verið í formi skilmerkilegrar lagasetningar í þeim tilgangi að gera grein fyrir þjónustu eða tilhögun fyrir fjármögnun. Skapar slíkt forsendur til þess að koma af stað starfsemi, afskiptum og þjónustu. Að lokum leggur ríkið mat á árangur á héraðsstjórnar og staðbundnu stigi. Það er mögulegt og ætti að fylgja eftir aðgerðum æskulýðsstefnu með söfnun reynslugagna varðandi framkvæmd á stefnumiðum, hvernig þau skiluðu sér og til hverra, og með hvaða árangri, til þess að vitað sé hverju þarf að breyta þegar nauðsyn krefur. Til þess að þetta ferli gegni hlutverki sínu þarf skipulega framsetningu á markmiðum með stöðlum fyrir úttekt á þeim; markmið þurfa að vera ótvíræð, hugmyndafræðilega skýr, mælanleg og miðað við fáanleg tilföng (Siurala 2006). Auk ríkisstjórnar ættu aðrir hagsmunaaðilar æskulýðsstefnu að taka þátt í ferlinu í heild.

Við tölum um æskulýðsstefnu með þverfaglegt umfang þegar um er að ræða samstarfsferli milli ungmennageirans og annarra sviða í málum viðkomandi ungu fólki. Sem dæmi um þverfaglegt samstarf þá gætum við rekist á samstarfsnefnd innan eða milli tveggja ráðuneyta með ábyrgð á málum ungs fólks. Eða þá að stjórnmalafulltrúi í unglingamálum gæti borið ábyrgð á samhæfingu. Um leið og það er við hæfi og á pappírnum nauðsynlegt að halda uppi samstarfi milli margvíslegra stefnusviða (og þannig milli stjórnardeilda og umboðsaðila), þá er það krefjandi ferli í framkvæmd.



Hver eru tengslin milli hinna ýmsu stiga æskulýðsstefnu í landinu þínu?

Hvernig styður ríkið staðbundna framkvæmd og afhendingu? Hvernig er hægt að tryggja samræmi á þjónusta í boði fyrir ungmenni í mismunandi umdæmum eða bæjarfélögum?

Er til staðar einhver stofnun sem fylgist með þróun þvert á geira á æskulýðsstefnu í landinu þínu?

Eru unglingaráðgjafar eða annað fagfólk sem vinnur með ungu fólki kunnugt æskulýðsstefnurömmum á landsstigi?



Lyklar að góðum árangri

Hvað þarf maður að hafa í huga við undirbúning, framkvæmdir og mat á æskulýðsstefnu?

■ Lykilatriði áhrifaríkrar og stefnufastrar æskulýðsstefnu innifela:

- ▶ auðskiljanleg stjórnvöld með ábyrgð á ungmennum, stofnun sem er fær um að vísa veginn, stjórna, samhæfa og styrkja starfið,
- ▶ skýrt skilgreindan hóp ungmenna sem ætlað er að njóti góðs af, til dæmis með tilgreiningu aldurstakmarks og/eða þeirra hópa sem stefnuíhlutun er ætlað að ná til,
- ▶ raunhæfa og gagnsæja stjórnun og aðgerðaáætlun, fyrirkomulag um eftirlit og mat til þess að stjórnvöld taki ábyrgð og dragi lærdóm af ferlinu og geri bætur á æskulýðsstefnu,
- ▶ gagnasöfnun, til dæmis með því að kortleggja ákveðnar þarfir mismunandi hópa ungs fólks, kannanir og tölfraðilegar upplýsingar, og upplýsingar byggðar á reynslu af framkvæmdum stefnu,
- ▶ sýn á ungmenni sem auðlind en ekki vandamál, til þess að styðja og efla ungt fólk í þróun á hæfileikum sínum og í því að leggja þannig jákvætt að mörkum til samfélagsins,
- ▶ trú á virði þess og getu að auðvelda þýðingarmikla þátttöku ungmenna, þ.e. aðild ungs fólks í stefnuferlum og þátttöku í ungmennasamböndum og samfélagslífi,

- ▶ æskulýðsstefnu sem liggur þvert á geira, sem sameinar mismunandi þætti opinberra stefna bæði innan og utan „æskulýðsvettvangs“ sem gegna hlutverki í lífi ungmenna,
 - ▶ sérstaka langframa fjárhagsáætlun, því þörf er á varanlegum, skuldbundnum og nægjanlegum tilföngum til þess að koma stefnu í framkvæmd,
 - ▶ traust tengsl milli sveitar-, héraðs- og landsstjórna, sem viðurkenna valdsvið og ábyrgð allra hagsmunaaðila og sækjast eftir hópvinnu, samhæfingu og samstarfi,
 - ▶ samræmi við alþjóðlega starfshætti, með miðum af stöðlum, tilmælum og góðum starfsvenjum
- (uppfært með breytingum úr Denstad 2009).

■ Þegar við skoðum æskulýðsstefnu getum við greint skipulag hennar, hver gerir hvað, kostnað hennar, en fyrst og fremst – hvort æskulýðsstefna skilar sér til réttra ungmenna á þýðingarmikinn og viðeigandi hátt. Helsta áskorun í æskulýðsstefnu er að gera sem mest úr umfangi jákvæðrar æskulýðsstefnu og að halda umfangi neikvæðrar æskulýðsstefnu í lágmarki.



Hver er helsti markhópur æskulýðsstefnu í þínu umhverfi (tiltekinn hópur, tiltekna lífsaðstæður, öll ungmenni, o.s.frv.)?

Hvaða vísbendingar eru um stuðning við markmið æskulýðsstefnu í umhverfi þínu?

Hver gæti verið ástæðan fyrir sumum æskulýðsstefnum sem þú veist um? Hver er tilgangur þeirra og hverjum er ætlað að njóta góðs af?

Er sérstök fjárhagsáætlun fyrir ungmenni? Hvernig er fjármunum aðallega varið?

Eru einhverjir góðir starfshættir í æskulýðsstefnu í umhverfi þínu?



Frá æskulýðsstefnu til afhendingar á þjónustu og framkvæmdum

Hvernig skila æskulýðsstefnur sér til ungmenna? Það er hægt að koma af stað margskonar áætlunum eða afskiptum með æskulýðsstefnu. Málafnin eru margvísleg – þátttaka og þegnskapur, öryggi og verndun, barátta gegn félagslegri útilokun, upplýsingar og nýtækni, hreyfanleiki og alþjóðahyggja, sambýli í fjölmenningsþjóðfélagi, starfsmöguleikar, frístundir, efling jafnréttis og banns við mismunun, umhverfismál, o.s.frv. Áætlanir gætu verið með fjármögnun fyrir æskulýðsverkefni, áætlanir fyrir óformlegt nám, upplýsingar og ráðgjöf, áætlanir sem veita aðstoð við aðgang að vinnumarkaði, ráðstafanir fyrir æskulýðsstarf og margt fleira.

■ Eitt helsta verkfæri í æskulýðsstefnu er unglingastarf, sem felur í sér allskonar viðfangsefni af félagslegu, menningarlegu, menntunarlegu, umhverfislegu og/eða af pólitísku eðli, bæði með og fyrir ungt fólk, í hópum eða einstaklingsbundin. Sjálfboðaliðar eða launaðir unglingaráðgjafar sjá um unglingastarf og er það rekið á forsendum óformlegrar og óþvingaðrar menntunar með áherslu á ungt fólk og sjálfviljuga þátttöku. Helsti tilgangur þess er að hvetja og styðja ungt fólk í leitinni að sjálfu sér og því sem þau sækjast eftir í lífinu og stuðla með því að persónulegri og félagslegri grósku þeirra og samfélagsins í heild (Evrópuráð 2017).

■ Mikilvæg spurning varðandi þá sem vinna með ungu fólki innan æskulýðsstefnuramma er hæfni þeirra og leiðir til að öðlast færni. Til dæmis er þjálfun unglingaráðgjafa mikilvægt íhugunarefni til að gæta þess að þjónusta við ungt fólk sé af háum staðli og markmiðum æskulýðsstefnu samkvæmt. Önnur spurning er viðkomandi afköstum og því hvort innviðir bjóði uppá viðeigandi og örugg rými til menntunar og annarrar mikilvægrar starfsemi fyrir ungt fólk.



Hvernig er staðið að afhendingu á æskulýðsstefnu í landinu þínu?

Hvaða verkfæri notar æskulýðsstefna til þess að ná til ungs fólks? Hver eru verkfærin til afhendingar?

Hvernig er staðið að þjálfun á fagfólki á sviði æskulýðsstefnu og þeirra sem vinna með ungu fólki?





Æskulýðsstefna á evrópska- og landsvísu

Í Evrópu eru æskulýðsstefnur á landsvísu framsettar samkvæmt forgangsatriðum og veruleika lands en oft eru þær mótaðar í anda af þeim og forgangsatriðum Evrópusambandsins og Evrópuráðsins sem hvort um sig hefur sína markmiðslýsingar og umboð.

Evrópusambandið

■ Ungmennaáætlun ESB (2019-2027) leggur áherslu á þrjú svið: þátttöku, tengingu og eflingu. Áætlunin ýtir undir þátttöku ungmenna í lýðræðislegu starfi (*þátttaka*); hún stuðlar að þátttöku sjálfbóðaliða, hreyfanleika í námi, samstöðu og þvermenningarlegu námi (*tenging*); og valdeflir ungmennti með gæðaviðmiðum, nýsköpun og viðurkenningu á unglingastarfi (efling). Áætluninni er ætlað að ná til alls ungs fólks og gera framkvæmdaáætlun ESB aðgengilegri þeim sem njóta færri tækifæra. Áætlunin tekur tillit til niðurstaða úr samtölum við ungmennti sem vísuðu á og staðfestu 11 markmið fyrir evrópsk ungmenni.

■ Stefnt er að þessum almennu markmiðum með sérstökum ungmennaáætlunum eins og Erasmus + og evrópsku samstöðusveitinni. Áætlunin byggist á virkum, markvissum og tengdum framkvæmdum milli geira, með því að virkja ýmsar áætlanir og sjóði ESB og hvetja til samvinnu milli geira á öllum stigum. Ungmennaáætlun ESB inniheldur gagnkvæm námstækifæri á milli aðildarríkja, ungmennasamræður ESB og aðrar leiðir til þátttöku ungs fólks í stefnumótun, stefnuskrá ungmennaáætlunar ESB og gagnreynd tól. ESB samhæfingaraðili á sviði ungmenna er viðskiptasamband framkvæmdanefndar ESB og tilvísunarvístfang fyrir ungt fólk.



Evrópuráð

■ Núgildandi æskulýðsstefna Evrópuráðsins er skilgrein í skjalinu „áætlun 2020“, þar sem gert er grein fyrir forgangsröðun í evrópskri æskulýðsstefnu til 2020: mannréttindi og lýðræði; að búa saman í fjölmenningsamfélögum; og félagsleg aðild ungmenna. Evrópuráðið stuðlar að æskulýðsstefnum á grundvelli mannréttinda og lýðræðis staðla, með áherslu á þátttöku, upplýsingar, aðild, aðgang að réttindum, æskulýðsstarf og hreyfanleika, sem fá ungumenni til að upplifa uppbyggingu Evrópu sem samfélags með mannréttindi og lýðræði að leiðarljósi.

■ Evrópuráðið greiðir fyrir milliríkja- og alþjóðlegu samstarfi í tengslum við þróun á æskulýðsstefnum og býður aðildarríkjum uppá stuðningsaðgerðir við þróun á æskulýðsstefnu á grundvelli viðurkenndra alþjóðlegra gilda og staðla. Þessar aðgerðir innifela málþing og uppbyggingu á getu með óformlegum menntunaraðferðum, alþjóðlegum endurskoðunum á æskulýðsstefnum landa, tímabundnum starfstilfærslum, jafningjanámi, óháðri álitsgerð eða dómi sérfræðinga, námsferðum og ráðgjafaferðum. Aðrar aðgerðir innifela fjármögnun fyrir æskulýðsverkefni með aðstoð æskulýðssjóðs Evrópu og áætlanir til uppbyggingar getu hjá evrópsku æskulýðsmiðstöðvunum.

Samstarfsáætlun ESB-Evrópuráðs

■ Framkvæmdanefnd ESB og Evrópuráðið eru með samstarfsverkefni á ungmennasviði til þess að hlúa að samvirkni þeirra í aðgerðum viðkomandi ungmennum. Til dæmis safnar samstarfsverkefni ESB-Evrópuráðs á sviði ungmenna fróðleik og gerir ítarlega grein fyrir honum til þess að þróa æskulýðsstefnu og unglingastarf, sérlega í kringum viðfangsefni um þátttöku ungmenna, félagslega aðild og æskulýðsstarf.



Hvernig tengist
æskulýðsstefna
á Evrópustigi
æskulýðsstefnu á
landsvísu í landinu þínu?

Hvernig er sambandið
á milli evrópskrar
æskulýðsstefnu og
æskulýðsstefnu á lands-
og sveitarstjórnarstigi?



Askoranir

Áskoranirnar tengdar æskulýðsstefnu eru margar. Sumar eru tilkomnar vegna veruleika nútímans sem æskulýðsstefnu er ætlað að fást við (t.d. atvinnuleysi ungmenna, ofbeldisfullum öfgastefnum). Aðrar taka sig sífellt upp aftur í umræðum um æskulýðsstefnu, svo sem:

- ▶ Opinber yfirvöld styðja ekki heils hugar við æskulýðsstefnu. Aðgerðir og áætlanir dreifast á milli mismunandi málaflokka og sviða. Það finnst kannski „eitthvað“ viðkomandi ungmennum, en engin samræmd markmið.
- ▶ Æskulýðsstefna er þróuð á grundvelli pólitískrar hugmyndafræði eða dægurmála, og verður á stundum tæki í höndum þeirra sem vilja sitja áfram við völd, án tillits til kringumstæðna, þarfa eða réttinda ungs fólks.
- ▶ Fyrirkomulagið og úrræðin vantar til þess að koma ungmennaáætlunum í framkvæmd.
- ▶ Þegar æskulýðsstefna er skilgreind og komið í framkvæmd vinna hin ýmsu embætti eða opinberu yfirvöld ekki saman, jafnvel þótt markhópurinn sé ungt fólk með tilliti til vandamála sem tengjast fleiri umræða- og stefnusviðum.
- ▶ Ungt fólk tekur ekki þátt í mótun æskulýðsstefna. Ef og þegar ungmenni koma við sögu, er þegar búið að ákveða stefnurammann og ekki tekið tillit til framlags þeirra eða ungt fólk sem tekur þátt er ekki talið vera málsvarar.
- ▶ Opinber yfirvöld sem bera ábyrgð á æskulýðsstefnu eru ekki fyllilega fær um að vinna með ungu fólki.
- ▶ Ekkert óháð eftirlit og/eða mat er til staðar sem sér um úttekt á góðum árangri æskulýðsstefnu og hvar hún hefur brugðist og hvaða öðrum þáttum þarf að taka á. Áætlanir eru endurteknar án þess að draga lærdóm af því sem áður var gert.



Hverjar eru helstu áskoranirnar að þínu mati fyrir æskulýðsstefnu í þínu landi/héraði?

Hvað helstu spurningar ættu þeir sem bera ábyrgð á æskulýðsstefnu í þínu landi/héraði að setja í forgang?

- ▶ Þegar æskulýðsstefna sýnir fyrirhyggju og fjármögnunaráætlanir fyrir (ungmenna)stofnanir eða aðrar stofnanir borgaralegs samfélags, bjóðast þær ekki öllum stofnunum hvað sem gefið er í skyn.
- ▶ Fagmenn sem starfa með/fyrir ungt fólk fá ekki næga þjálfun, til dæmis unglingaráðgjafar, félagsráðgjafar og upplýsingafulltrúar unglinga eða kennarar.
- ▶ Vandamál gera vart við sig við útbreiðslu æskulýðsstefnu. Áætlanir skila sér ekki til markhópsins, eða skilgreining á markhópi er of þröng og of lítið í boði fyrir ungt fólk almennt.

Heimildir

Sérhæft vefsetur fyrir evrópsk ungmennamarkmið, með útgáfum á ýmsum evrópskum tungumálum <http://www.youthgoals.eu/>

Ályktun fundar ráðs Evrópusambandsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna innan ráðsins varðandi ramma um evrópskt samstarf á sviði ungmenna: ungmennaáætlun Evrópusambandsins 2019-2027, OJC 456, 18.11.2018

Evrópuráðið (2008), „Framtíð æskulýðsstefnu Evrópuráðsins: ÁÆTLUN 2020“, lokayfirlýsing 8. ráðstefnu sambands ráðherra Evrópuráðs með ábyrgð á ungmennum, Kijev, Úkraínu, 10.-11. október 2008

Evrópuráðið (2015), tilmæli CM/Rec(2015)3 ráðherranefndar aðildarríkjanna varðandi aðgang ungmenna frá illa settum svæðum til félagslegra réttinda, sem samþykkt var af ráðherranefndinni 21. janúar 2015 á 1217. fundi ráðherrafulltrúa.

Evrópuráðið (2017), tilmæli CM/Rec (2017)4 ráðherranefndar aðildarríkjanna varðandi unglingastarf.

Denstad F. Y. (2009), Youth Policy Manual: How to develop a national youth strategy, útgáfa Evrópuráðs, Strassborg.

Ráð Evrópusambandsins (2009), ályktun ráðsins frá 27. nóvember 2009 varðandi nýjan ramma fyrir evrópskt samstarf á ungmennasviði (2010-2018), OJ C 311, 19.12.2009, bls. 1-11.

Framkvæmdastjórn ESB (2015), ESB ungmennaskýrsla 2015, <https://publications.europa.eu/s/dmAG>

Framkvæmdastjórn ESB (2017), Bætur á unglingastarfi – vegvísir ykkar til gæðapróunar, <https://publications.europa.eu/s/dlxm>

Evrópski æskulýðsveitvangurinn (2016), A Toolkit on Quality Standards for Youth Policy.

Lauritzen, P. (2008), Eggs in a pan – Speeches, Writings and Reflections eftir Peter Lauritzen, útgáfa Evrópuráðs, Strassborg.

Siurala, L. (2006), A European framework for youth policy, útgáfa Evrópuráðs, Strassborg.

Williamson, H. (2002), Supporting young people in Europe: principles, policy and practice, útgáfa Evrópuráðs, Strassborg.

Williamson, H. (2008), Supporting Young People (2. hefti), útgáfa Evrópuráðs, Strassborg.

Williamson, H. (2017), Supporting Young People (3. hefti): looking to the future, útgáfa Evrópuráðs, Strassborg.



Skilningur á sumum undirstöðuatriðum æskulýðsstefnu er mikilvægt skref í leitinni að því hvernig stefnur geta tekist á við áskoranir ungmenna nútímans.

Hvernig geta stefnur verið ungmennum til aðstoðar við að verða virkir borgarar? Hvernig geta stefnur stutt ungt fólk í aðlögun við samfélagið og til að takast það sem þau ætla sér og vilja verða? Þetta eru allt mikilvægar spurningar í því samhengi sem ungt fólk býr við á flókinni ferðinni til fullorðinsára og einnig hvatarnir að samfélagslegum breytingum.

Opinber yfirvöld gegna mjög mikilvægu hlutverki í því að hugsa upp áætlanir og stefnur í þeim tilgangi að veita ungu fólki tækifæri og reynslu sem styður happasæla aðlögun þeirra að samfélaginu og gerir þeim kleift að verða virkir og ábyrgir meðlimir samfélags síns og um leið fulltrúar breytinga.

Þetta rit býður öllum þeim sem áhuga hafa á æskulýðsstefnu yfirsýn á helstu hugtök, reglur, aðferðir og áskoranir.

<http://youth-partnership-eu.coe.int>

youth-partnership@partnership-eu.coe.int

Aðildarríki Evrópusambandsins hafa ákveðið að tengja saman þekkingu sína, auðlindir og örlög. Í sameiningu hafa þau byggt upp svæði stöðugleika, lýðræðis og sjálfbærrar þróunar og viðhaldið um leið menningarlegri fjölbreytni, umburðarlyndi og einstaklingsfrelsi. Evrópusambandið hefur einsett sér að deila árangri sínum og gildum með löndum og þjóðum utan landamæra sambandsins.

<http://europa.eu>

Evrópuráðið er helsta stofnunin á sviði mannréttindamála í Evrópu. Aðildarríki eru 46, þar á meðal öll aðildarríki Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríki. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.

www.coe.int



EUROPEAN UNION

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE